

Ed.

270. Frumvarp til laga

[132. mál]

um afnám laga nr. 47 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Flm.: Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Lög nr. 47 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verkfræðingafélag Íslands hefur ritað flm. svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 10. febr. 1965.

Hinn 13. maí 1964 voru á Alþingi samþykkt „lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga“, þrátt fyrir hörð mótmæli verkfræðingastéttarinnar, sem telur, að hér sé um fordæmalaus ániðslulög að ræða.

Síðan þetta gerðist, hafa ráðherrar, alþingismenn og aðrir stjórnámamenn hvað eftir annað bent á það í ræðu og riti, að afkoma þjóðarinnar byggist í stöðugt vaxandi mæli á tæknimenningu hennar. Lítur svo út sem skilningur á þessu atriði hafi aukizt svo, að um nýtt viðhorf sé að ræða.

Á sama tíma hefur einnig önnur breyting orðið. Á árinu 1964 fjölgaði verkfræðingum hér á landi um aðeins sjö menn eða 2½%. Það er helmingi minna en að jafnaði á undanförnum árum (5—6%).

Við oss blasir sú staðreynd, að fjölgun tæknimennntaðra manna, þar á meðal verkfræðinga, hefur hvergi nærri verið fullnægjandi á undanförnum árum. Hér á landi er fjöldi verkfræðinga 1.4% af þjóðinni, en fyrir 5 árum var hlutfallstala verkfræðinga í Sovétríkjunum orðin 6%, og alkunnugt er, að Bandaríkjamenn hafa ekki stefnt að lægra marki. Aðrar menningarþjóðir keppast á sömu braut, en oss er þeim mun meiri þörf á tæknimennntuðum mönnum sem vér búum í harðbýlla landi. Með 6% árlegri fjölgun verkfræðinga á Íslandi yrði hlutfallstala þeirra af þjóðinni ekki orðin 6% fyrr en árið 2000. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, er hefur langvinnari þýðingu en ýmis dægurmál, sem meiri gaumur er gefinn. Umrædd lög eru þar til tjóns.

Fyrr í vetur höfum vér óskað þess við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir afnámi laganna, en henni þótti ekki ástæða til aðgerða af því tilefni.

Þá hefur Bandalag háskólamanna sent Alþingi ályktun aðalfundar síns 24. nóv. 1964, þar sem þess er óskað, að löggin verði felld úr gildi án tafar, ella sé hætta á því, að þetta fordæmi um skerðingu mannréttinda leiði til tortryggni í garð löggjafans.

Vér leyfum oss að skora á yður, herra alþingismaður, að beita yður fyrir afnámi „laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga“ frá 13. maí 1964.

Virðingarfyllst,

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands,

Einar B. Pálsson.

Guðm. Björnsson. Geir Arnesen. Egill Skúli Ingibergsson.
Gunnar Sigurðsson. Ríkarður Steinbergsson. Páll Flygenring.

Með því að við í einu og öllu föllumst á þær ástæður, sem fram eru bornar í bréfi þessu, leggjum við til, að nefnd lög, sem við höfum alla tíð verið andvígir, verði úr gildi felld.